



Til stjórn málaframboða í Mosfellsbæ Kosningar 2018

Mosfellsbær
15. maí 2018

Efni: Áskorun um endurnýjun á gólfefnum í íþróttasölum að Varmá

Við leikmenn í meistaraflokkum karla og kvenna í blaki og handbolta komum saman hér í kvöld til að færa þeim stjórn mála flokkum sem eru í framboði til sveitarstjórnarkosninga í Mosfellsbæ áskorun um að grípa tafarlaust til aðgerða í stöðu gólfefna í íþróttasölum að Varmá.

Við leikmenn lýsum yfir þungum áhyggjum af því að allt bendi til þess að við þurfum áfram að leika og æfa á gólfum sem við finnum á eigin skinni að eru komin til ára sinna og beinlínis hættuleg. Meiðsli hafa verið mjög algeng hjá meistaraflokkum félagsins í þessum keppnisgreinum á undanförunum árum þar sem við höfum misst marga leikmenn í alvarleg meiðsli sem við teljum að megi rekja til slæms undirlags. Dæmi um meiðsli eru krossbandsslit, rifnir vöðvar í kálfa, slæmar tognanir auk þess sem leikmenn hafa fundið fyrir álagsmeiðslum í hnjám og baki.

Nýja íþróttahúsið að Varmá var tekið í notkun árið 1998 og „fagnar“ dúkurinn því 20 ára afmæli í ár. Á sama tíma hafa allflest íþróttafélög í kringum okkur sem leika í efstu deildum í handknattleik fært sig yfir á parket. Afturelding er eina félagið í efstu deild karla sem leikur á dúk. Öll önnur félög hafa fært sig yfir á parket. Ástæðan er mjög einföld. Leikmenn vilja leika á parketi því það dregur úr slyshættu. Á síðasta tímabili fóru þrjú félög, ÍBV, Selfoss og ÍR öll yfir á parket og er því Afturelding eina félagið sem enn leikur á dúk í efstu deild. Leikmenn hafna að ganga til liðs við Aftureldingu vegna þess að þeim hungast ekki að æfa og leika hér að Varmá. Það dregur sannarlega úr samkeppnisfærni Aftureldingar gagnvart bestu félögum landsins.

Blakdeild Aftureldingar æfir og leikur sína heimaleiki í gamla íþróttasalnum að Varmá sem gengur í daglegu tali undir nafninu Salur 3. Í sal þrjú er leikið á dúk sem var lagður beint ofan á steypu á sínum tíma. Eitthvað undirlag var sett á milli steypunnar og dúksins í upphafi sem nú er algjörlega horfið og þar með öll dempun sem einhvern tíman hefur verið til staðar. Þann 9. júní árið 2015 fékk blakdeild Aftureldingar sent bréf frá stjórn Blaksambands Íslands. Þar segir meðal annars:

Eitt er það sem við teljum nauðsynlegt að verði lagað en það er keppnisaðstaða blakdeildarinnar að Varmá.

Stærð salarins og áhorfendaaðstaða er ljómandi góð en gólfið þarf að bæta verulega. Undirlagið er of hart og dúkurinn of stamur og er það samdóma álit allra sem að koma, þjálfara, sjúkraþjálfara, leikmanna og stjórnar BLÍ að við þetta verði ekki unað öllu lengur. Gólfefnið veldur því að leikmenn eru í meiri hættu hvað varðar tognanir og hnjámeiðsli og hafa borist kvartanir frá öllum liðum í Úrvalsdeildinni varðandi þetta atriði.

Það er einlæg von okkar að úr þessu verði bætt hið snarasta og ef þess er nokkur kostur, áður en keppni hefst tímabilið 2015 – 2016. Félagið hefur fengið undanþágu vegna þessa nú í nokkur ár en aðstaðan er ekki boðleg og þarf Blaksambandið alvarlega að íhuga hvort hægt verði að úthluta mótum til Aftureldingar eða samþykkja að keppt verði í húsinu við óbreyttar aðstæður.



Virðingarfyllst
Jason Ívarsson, formaður Blaksambands Íslands

Á þessum þremur árum síðan bréfið barst hefur ekkert gerst í sal 3 – þrátt fyrir ítrekaðar óskir um að framkvæmd verði úttekt á gólfinu.

Við leikmenn í meistaraflokkum Aftureldingar skorum á frambjóðendur hér í kvöld til að bregðast strax við. Það fylgir því mikil ábyrgð og er í raun óásættanlegt að bjóða afreksfólki í íþróttum og yngri iðkendum upp á þessar aðstæður, vitandi full vel að gólf sem þessi ýta undir að hluti iðkenda mun þróa með sér stoðkerfisvandamál og álagsmeiðsli. Bak-, mjaðma-, hné og öklameiðsli sem eru óafturkræf. Það eru orðin of mörg dæmi um frábæra íþróttamenn sem hafa þurft að leggja skóna alltof snemma á hilluna vegna meiðsla sem rekja má til vandamála sem hér er lýst.

Við leikmenn Aftureldingar sættum okkur ekki við að tekin sé áhætta með líkamlega heilsu okkar. Við óskum eftir að því að gripið verði til aðgerða - ekki seinna en strax.

Fyrir hönd leikmanna Aftureldingar,

Einar Ingi Hrafnsson

Einar Ingi Hrafnsson, fyrirlíði mfl. karla í handbolta

Velina Apostolova

Velina Apostolova, fyrirlíði mfl. kvenna í blaki



Leikmenn mfl. kvenna í blaki

Aleksandra Agata Knasiak
Ceannia Kincade
Dagrún Lóa Einarsdóttir
Fjóla Rut Svavarsdóttir
Haley Rena Hampton
Hilma Jakobsdóttir
Karitas Ýr Jakobsdóttir
Kristina Apostolova
Kristín Fríða Sigurborgardóttir
María Rún Karlsdóttir
Mikayla Marie Derochie
Sigdís Lind Sigurðardóttir
Steinunn Guðbrandsdóttir
Velina Apostolova
Þórey Simonardóttir

Leikmenn í mfl. karla í blaki

Eduardo Herrero Berenguer
Felix Þór Gíslason
Hilmir Berg Halldórsson
Ingólfur Hilmar Guðjónsson
Kjartan Davíðsson
Kjartan Fannar Grétarsson
Krzysiek Majewicz
Marteinn Möller
Michal Lakomy
Ólafur Örn Thoroddsen
Piotr Kempisty
Radoslaw Rybak
Ríkharður Snæbjörnsson
Sebastian Sævarsson Meyer
Sigvaldi Örn Óskarsson
Valens Torfi Ingimundarson

Leikmenn í mfl. kvenna í handbolta:

Andrea Ósk Þorkelsdóttir
Ásta Margrét Jónsdóttir
Ástrós Anna Bender
Brynja Rögn Ragnarsdóttir
Drífa Garðarsdóttir
Enikö Márton
Eva Dís Sigurðardóttir
Fanney Björk Guðmundsdóttir
Íris Kristín Smith
Jónína Líf Ólafsdóttir
Katrín Helga Davíðsdóttir
Ósk Hauksdóttir
Ragnhildur Hjartardóttir
Rakel Dóra Sigurðardóttir
Sara Lind Stefánsdóttir
Selma Rut Sigurbjörnsdóttir
Telma Rut Frímanssdóttir
Þóra Guðný Arnarsdóttir
Þóra María Sigurjónsdóttir

Leikmenn í mfl. karla í handbolta

Agnar Ingi Rúnarsson
Arnór Freyr Stefánsson
Árni Bragi Eyjólfsson
Ástþór Sindri Eiríksson
Birkir Benediktsson
Björgvin Franz Björgvinsson
Böðvar Páll Ásgeirsson
Egill Már Hjartarson
Einar Ingi Hrafnsson
Elvar Ásgeirsson
Gestur Ólafur Ingvarsson
Gunnar Malquist Þórsson
Júlíus Þórir Stefánsson
Kristinn Hrannar Bjarkason
Lárus Helgi Ólafsson
Pétur Júníusson

